

Aðalfundargerð

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2021 var haldinn á skrifstofu Rangárþings eystra að Austurvegi 4, þriðjudaginn 9. nóvember kl. 14:30.

Mætt eru: Lilja Einarsdóttir (með atkvæðisrétt), Brynja J. Jónasdóttir (með atkvæðisrétt), Yngvi Karl Jónsson, Þorbjörg Gísladóttir (með atkvæðisrétt), Björk Grétarsdóttir (með atkvæðisrétt, mætti á TEAMS), Fanney Ásgeirsdóttir (með atkvæðisrétt), Valtýr Valtýsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Svava Davíðsdóttir.

Lilja Einarsdóttir, formaður stjórnar leitaði eftir athugasemdum við fundarboð, sem ekki komu fram, setti fund og stjórnaði honum. Lilja bauð fundarmenn velkomna.

Fanney Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar/deilda og staðfesting ársreikninga.

Berglind Hákonardóttir fór yfir ársreikning 2020, sem liggur frammi endurskoðaður og áritaður af stjórn og endurskoðendum.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Svava Davíðsdóttir, félagsmálastjóri, flutti skýrslu félagsþjónustu.
Þórunn Jóna Hauksdóttir, forstöðumaður skólaþjónustu, flutti skýrslu skólaþjónustunnar.

2. Ákvörðun um breytingu á samþykktum byggðasamlagsins, ef tillaga þar um hefur komið fram með löglegum fyrirvara (sbr.8.gr.)

Engar tillögur bárust.

3. Kynning á tilnefndum stjórnar- og varastjórnarmönnum til næsta aðalfundar

Þorsteinn Kristinsson fulltrúi Skaftárhrepps hefur sagt sig frá sveitarstjórnarstörfum í Skaftárhreppi. Ekki er búið að tilnefna eftirmann hans, en tilnefning mun berast stjórn á næsta fundi sem staðfest verður þá.

Kjörnir stjórnarmenn eru eftirfarandi:
Lilja Einarsdóttir (Rangárþingi eystra)
Brynja J. Jónasdóttir (Ásahreppi)

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "y/kj", "P.A.", and "12.11.21".

Haraldur Eiríksson (Rangárþingi ytra)
Einar Freyr Elínarson (Mýrdalshreppi)

Til vara:

Guri Hilstad Ólason (Rangárþingi eystra)
Ásta B. Ólafsdóttir (Ásahreppi)
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir (Rangárþingi ytra)
Ingi Már Björnsson (Mýrdalshreppi)
Fanney Ásgeirsdóttir (Skaftárhreppi)

4. Kosning löggilts endurskoðanda.

Óbreytt frá fyrra ári, PWC.
Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um laun stjórnar.

Óbreytt frá fyrra ári.
Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.57

Lilja Einaradóttir
Einar Freyr Elínarson
Brynja Jónadóttir
Grunnlag Ólafsson
Fanney Ásgeirsd.
Yngvirk Jónsdóttir